

Sþ.

129. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur samkvæmt venju unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga í samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hefur hann aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja. Veruleg hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði flóabátanna. Hækkun olíuverðs vegna gengisbreytingarinnar veldur um það bil 10% hækkun á heildarrekstrarkostnaði þeirra. Ýmis atvik hafa einnig valdið því, að rekstrarafkoma einstakra báta hefur versnað.

Yfirleitt má segja, að flóabátaferðirnar séu með svipuðum hætti og þær hafa verið undanfarin ár. Hefur ekki reynzt mögulegt að fella niður ferðir einstakra flóabáta, þótt samgöngur hafi batnað verulega á landi í flestum landshlutum.

Nefndin hefur orðið að gera tillögur um verulega hækkun styrks til fjögurra stærstu flóabátanna. Við tillögur um styrki til minni bátanna er fyrst og fremst tekið tillit til hækkunar olíuverðsins. Eru tillögur nefndarinnar við það miðaðar að tryggja, að haldið verði uppi hinni nauðsynlegu þjónustu, sem flóabátarnir annast. Ekki hefur þó reynzt mögulegt að fullnægja óskum sumra þeirra um stórhækkaða rekstrarstyrki.

Um rekstrarafkomu hinna einstöku flóabáta vill samvinnunefndin taka eftirfarandi fram:

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn „Drangur“ hefur haldið uppi ferðum um farsvæði sitt eftir þörfum. Eftir að akvegasamband skapist við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð, þurftu þessir staðir aðeins á ferðum hans að halda að vetrarlagi, þegar vegir voru tepptir vegna snjóalaga. Hefur þar með orðið gjörbreyting á aðstöðu báts-

ins. Nokkur óvissa hefur ríkt um það, hvort útgerðarmaður „Drangs“ treysti sér til að halda þessari þjónustu áfram. Niðurstaðan varð þó sú, að hann hefur boðizt til þess að halda uppi svipuðum ferðum og áður í, 7 mánuði á næsta ári gegn nokkurri hækkun ríkisstyrks. Taldi nefndin óhjákvæmilegt að taka því tilboði vegna eindreginna óska þeirra byggðarlaga, sem notið hafa þjónustu bátsins. Leggur nefndin til, að styrkurinn til Drangs verði hækkaður um 400 þús. kr., enda verði þá haldið opnum möguleikum til þess, að hann vikki farsvæði sitt, í samráði við Skipaútgerð ríkisins. Hefur verið rætt um, að til mála kæmi, að báturinn færi ferðir til Austfjarðahafna. Nefndin telur nauðsynlegt, að rekstur þessa báts verði á næstunni tekinn til ýtarlegrar athugunar og verði þá haft samráð í senn við útgerðarmann hans og héraðin á farsvæði hans.

Lagt er til, að styrkur til Strandbáts hækki um 10 þús. kr. Skal báturinn annast farþega- og póstflutninga milli Hólmavíkur og Djúpuvíkur og Gjögurs í Árneshreppi. Er lagt til, að styrknum verði varið í samráði við sýslunefnd Strandasýslu og þá fyrst og fremst stefnt að því að tryggja vetrarsamgöngur við Árneshrepp.

Styrkur til Haganesvíkurbáts hækkar um 5 þús. kr. og til Hriseyjarbáts um 10 þús. kr.

Þá er lagt til, að styrkur til Grimseyjar vegna flugferða hækki um 10 þús. kr. Sama hækkun er lögð til vegna Flateyjarbáts á Skjálfanda. En styrkur til þess báts var lækkaður nokkuð á s. l. ári vegna þess, að eyjabúar dveljast nú aðeins í eyinni að sumarlagi. Enn fremur leggur nefndin til, að Dalvíkurlæknishéraði verði veittar 50 þús. kr. vegna rekstrar snjóþífreiðar. Er hér um að ræða nýjan styrk.

Austfjarðasamgöngur.

Austfjarðasamgöngur eru í svipuðu horfi og áður. Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 20 þús. kr. og styrkur til snjóþífreiðar á Fjarðarheiði um 50 þús. kr. Enn fremur leggur nefndin til, að styrkur til snjóþífreiðar á Fagradal hækki um 15 þús. kr. Mjög mikið gagn hefur orðið af rekstri snjóþífreiðanna.

Suðurlandssamgöngur.

Nefndin leggur til, eins og tíðkamt hefur mörg undanfarin ár, að áfram verði veittur ríkisstyrkur vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslum. Er lagt til, að styrkur til vöruflutninga á Suðurlandi, þ. e. a. s. til Vestur--Skaftafellssýslu, hækki um 75 þús. kr. og að styrkur vegna vöruflutninga til Öræfa haldist óbreyttur, en styrkurinn til þeirra flutninga lækkaði á þessu ári um 85 þús. kr. frá árinu áður. Þegar ný brú var byggð á Jökulsá, skapaðist akvegasamband milli Öræfasveitar og Hornafjarðar. Flytja Öræfingar nú í vaxandi mæli sláturafurðir sínar til Hornafjarðar. En allmiklum afurðaflutningum er þó enn haldið uppi flugleiðis frá byggðarlaginu. Þess vegna taldi nefndin rétt, að Öræfingar héldu enn um sinn nokkrum flutningastyrk.

Þá er lagt til, að styrkur til vatnadreka við Skeiðará, sem veittur var í fyrsta skipti á þessu ári, verði hækkaður um 5 þús. kr. Telja héraðsbúar, að verulegt gagn hafi orðið af þessu öryggistæki, sem aðallega er notað til þess að aðstoða þífreiðar, sem leið eiga yfir Skeiðará.

Styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga hækkar um 40 þús. kr. samkv. tillögum nefndarinnar.

Faxaflóasamgöngur.

Verulegur rekstrarhalli hefur á árinu orðið á rekstri m. s. „Akraborgar“, sem annast ferðir milli Reykjavíkur og Akraness. Er fjárhagur fyrirtækisins enn sem fyrr allþröngur. Reynt hefur verið að gera rekstur skipsins hagkvæmari, m. a. með því að fækka í skipshöfn þess, en samkomulag hefur ekki náðst um það að svo

stöddu. Þá mun útgerðarstjórn skipsins hafa í hyggju að gera þá breytingu á, að heimahöfn þess verði Akranes í stað Reykjavíkur, sem verið hefur. Mundi skipið þá hefja ferðir frá Akranesi að morgni. Er talið að því mjög aukið hagræði fyrir Akurnesinga, sem aðallega nota skipið. Er jafnvel talið, að þessi breyting geti stuðlað að farþegafjölgun og þar með bættri afkomu fyrirtækisins.

Varð niðurstaða nefndarinnar, að ekki yrði hjá því komizt að hækka styrk til Akraborgar um 600 þús. kr.

Undanfarin ár hefur nefndin hvað eftir annað hvatt til þess, að rekstur þessa flóabáts yrði tekinn til sérstakrar athugunar. Verður ekki sagt, að mikill árangur hafi af því orðið. Þó má geta þess, að sérstök nefnd mun nú starfandi að athugun samgangna umhverfis Hvalfjörð. Er það skoðun nefndarinnar, að nauðsynlegt sé að finna hagkvæmari lausn á flutningavandamáli þessa farsvæðis.

Lagt er til, að styrkur til Mýrabáts hækki um 5 þús. kr.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Þá er lagt til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði á næsta ári 475 þús. kr. Á yfirstandandi ári voru veittar 455 þús. kr. í styrk til þessa báts, sem annast samgöngur milli vestureyja Breiðafjarðar og landhreppanna í Austur-Barðastrandarsýslu að vetrarlagi. Í þessari styrkuppshæð var þá innifalið 25 þús. kr. framlag til ferða af Barðaströnd með beltisdráttarvél yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóalög hindra ferðir bifreiða um þessa leið. Nú leggur nefndin til, að þessi styrkur vegna vetrarferða yfir Kleifaheiði verði hækkaður um 125 þús. kr. Er ástæða þeirrar hækkunar sú, að Mjólkursamlag Vestur-Barðastrandarsýslu hefur hafið rekstur mjólkurstöðvar á Patreksfirði. Jafnhliða hafa bændur í Barðastrandarehreiði aukið mjólkurframleiðslu sína, og ber brýna nauðsyn til þess að tryggja öruggari flutninga á mjólkurafurðum til Patreksfjarðar en áður. Leggur nefndin til, að þessi flutningastyrkur verði veittur Mjólkursamlagi Vestur-Barðastrandarsýslu. En gert er ráð fyrir, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps hafi framvegis umsjón með rekstri og ferðum Flateyjarbáts.

Fjórthagur Stykkishólmsbátsins „Baldurs“ er enn sem fyrr mjög þröngur. Erlend lán hvíla á honum með miklum þunga og mjög vaxandi eftir gengisbreytinguna. Nær einnar millj. kr. halli varð á rekstri bátsins á s. l. ári umfram ríkisstyrk, og var þó ekkert til afskrifta. Telur forstjóri Skipaútgerðarinnar, að styrkur til bátsins á næsta ári þyrfti að vera allt að 4 millj. kr., ef hann ætti að geta staðið við skuldbindingar sínar. Samvinnunefndin taldi sér engan veginn fært að leggja til svo mikla styrkhækkun, enda mun gert ráð fyrir, að ríkissjóður veiti honum sérstakan byggingarstyrk til afborgana af lánnum. Nefndin leggur til, að styrkur til þessa báts verði hækkaður um 1100 þús. kr. og verði þá 3.1 millj. kr. Nefndin ítrekar fyrri ábendingar sínar um það, að fjárhagsvandamál þessa báts verði tekin til ýtarlegrar athugunar og úrlausnar.

Þá er lagt til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 15 þús. kr.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn h/f á Ísafirði hefur haldið uppi svipuðum ferðum og áður með skipi sínu „Fagranesi“. Það heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kaupúna-anna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Nefndin taldi óhjákvæmilegt að hækka styrk til bátsins um 400 þús. kr., aðallega vegna áhrifa gengisbreytingarinnar á erlend lán fyrir-tækisins.

Styrkur til þriggja smábáta á Vestfjörðum, Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts, hækkar smávægilega.

Þá leggur nefndin til, að tekinn verði upp nýr styrkur til Suðureyrahrepps í Súgandafirði vegna kaupa á snjóbil. Hreppurinn keypti nýjan snjóbil á s. l. hausti

til þess að halda uppi ferðum yfir Botnsheiði til Ísafjarðar að vetrarlagi. Er hér um að ræða einn hæsta fjallveg á Vestfjörðum, sem að jafnaði er lokaður vegna snjóá- laga 6—7 mánuði á ári. Súgfirðingar eru nú læknilausir og þurfa að sækja lækni- þjónustu til Ísafjarðar. Flateyringar eru einnig læknilausir og þurfa að sækja lækni- þjónustu til Ísafjarðar yfir Breiðadalshéiði. Er gert ráð fyrir, að bæði byggðarlögin hafi not af hinni nýju snjóbífreið. Það er tillaga nefndarinnar, að Suðureyrarhreppi verði veittur 150 þús. kr. styrkur vegna kaupa á snjóbil og til rekstrar hans.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildar- fjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1969 kr. 13 620 þús. kr. Er það 3 155 þúsund krónum hærra en á árinu 1968.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1. Norðurlandsbáturinn „Drangur“	2000 þús. kr.
2. Til Strandaferða	110 — —
3. Haganavíkurbátur	30 — —
4. Hriseyjarbátur	90 — —
5. Grímsey, vegna flugferða	80 — —
6. Flateyjarbátur á Skjálfanda	90 — —
7. Til snjóbífreiðar í Dalvíkurlækni- shéraði	50 — —
8. Mjóafjarðarbátur	220 — —
9. Til snjóbífreiðar á Fjarðarheiði	200 — —
10. Til snjóbífreiðar á Fagradal	90 — —
11. Til vöruflutninga á Suðurlandi	750 — —
12. Til vöruflutninga til Örefa	80 — —
13. Til vatnadreka við Skeiðará	40 — —
14. Vestmannaeyjabátur, vegna mjólkur- flutninga	440 — —
15. H/f Skallagrímur — „Akra- borg“	3100 — —
16. Mýrabátur	15 — —
17. Flateyjarbátur á Breiðafirði	475 — —
18. Til vetrarflutninga yfir Kleifa- heiði	150 — —
19. Stykkishólmsbátur — „Bal- dur“	3100 — —
20. Langeyjarnesbátur	135 — —
21. Djúpbátur — „Fagranes“	2100 — —
22. Til snjóbífreiðar á Botnsheiði	150 — —
23. Dýrafjarðarbátur	60 — —
24. Patreksfjarðarbátur	35 — —
25. Skötufjarðarbátur	30 — —

Samtals 13 620 þús. kr.

Alþingi, 5. des. 1968.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar,	Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.	Jón Árm. Héðinsson, form. Ed.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.	Steinþór Gestsson.	Ásgeir Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.	Jónas G. Rafnar.	Björgvin Salómonsson.
Steingrímur Pálsson.	Páll Þorsteinsson.	Guðlaugur Gíslason.
Sigurvin Einarsson.	Hjalti Haraldsson.	